

Landsambandsþing haldið á Hótel Örk í Hveragerði helgina 13. - 14. maí 2023

Þema þingsins: FRAMTÍÐARMENNTUN og hlutverk hennar í samfélagslegu samhengi.

Sunnudagur 14. maí 2023 – aðalfundur landssambandsins.

Guðrún Edda Bentsdóttir, landsambandsforseti, fór yfir dagskrá dagsins og verkefni

Landsambandsstjórnar síðustu tvö árin en þau voru meðal annars að miðla fréttum, innanlands og utan, auk upplýsinga frá alþjóðaskrifstofu.

Heimsfaraldurinn hafði jákvæð áhrif á þróun samskipta á alþjóðlegum vettvangi þar sem við höfum kynnst áhugaverðu starfi víðsvegar í heiminum á fjarfundum. Íslenskar DKG systur hafa lagt sitt fram í kynningu á starfinu á Íslandi. Guðrún Edda þakkaði núverandi stjórn fyrir þeirra störf í þágu félagsins og óskaði nýrri komandi stjórn velfarnaðar.

Jónína Eiríksdóttir í Deltadeild flutti orð til umhugsunar. Hún þakkaði fyrir ferðalag gærdagsins í gegnum fræðandi og áhugaverða fyrirlestra. Jónína talaði um bækur og nærveru við bækur en hún ólst upp við næðisstundir með bækur sér við hlið. Jónína vísaði í bókina, *Hver er sinnar gæfusmiður*, og talaði um gildi í lífinu, lífsgönguna og líkti henni við siglingu þar sem tekið er á móti því sem lífið lætur í té.

Guðrún Edda þakkaði fyrir falleg orð og færði Jónínu rós.

Minning látinna félaga var í höndum Ingibjargar Einarsdóttur úr Gammadeild og Guðbjargar Sveinsdóttur úr Þetadeild. Þær kveiktu á hvítu kerti og settu hvíta rós við hlið hinna rauðu til að minnast þeirra systra sem hafa fallið frá okkur en það eru:

Alfadeild

- Sigríður Kristjánsdóttir
- Gyða Jóhannsdóttir

Gammadeild:

- Bryndís Steinþórsdóttir
- Vilborg Dagbjartsdóttir
- Hertha W. Jónsdóttir
- Rannveig Sigríður Sigurðardóttir

Petadeild:

- Halldóra K. Magnúsdóttir
- Guðrún Helgadóttir

Kappadeild

- Gunnhildur Óskarsdóttir

Í lokin fóru þær með ljóðið, *Dagsetur*, eftir Huldu (Unni Benediktsdóttur Bjarklind).

Marie-Antoinette de Wolf, Evrópuforseti og fulltrúi Alþjóðasambands DKG, ávarpaði þingið og sagði frá sjálfri sér og sínum starfsferli sem hjúkrunarfræðingur og sem kennari við háskólasjúkrahús í Hollandi þar sem hún kenndi hjúkrunarfræðinimum. Hún flutti kveðju frá Alþjóðasambandi og sagði frá áherslum þess að mynda merkingarbær samskipti í fræðslustörfum heimsins, *Making Meaningful Connections-Diversity Enriching our Society and World*. Hún minnti á ráðstefnuna í Finnlandi sem haldin verður í Tampere í júlí.

Hún minnti systur á alþjóðlega sjóði, útgáfu, námsstyrki o.fl. sem hún hvatti systur til að kynna sér. Hún talaði um erfiðleika við að fjölga félögum í heiminum en á Íslandi er von á að á næsta ári fjölgi félögum um 10% og hrósaði hún okkur fyrir það því víðar í heiminum er ekki mikil fjölgun.

Hún minntist á 100 ára afmæli DKG árið 2029 í Austin Texas en þá er stefnt á stórhátíðarhöld. Marie-Antoinette talaði um mikilvægi samskipta DKG systra, bæði innanlands og utan. Hægt er að sækja um að tengjast öðrum konum í DKG og kynnast þeirra starfi. Hún hvatti systur til að sækja alþjóðlegu ráðstefnur. Marie-Antoinette óskaði DKG á Íslandi velfarnaðar í framtíðinni og þakkaði fyrir að fá að taka þátt í þinginu okkar.

Guðrún Edda þakkaði Marie-Antoinette fyrir ávarpið og færði henni hlýja gjöf og rós.

Hefðbundin aðalfundarstörf

1) **Kosning fundarstjóra:** Landssambandsforseti lagði til að Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir í Alfadeild yrði fundarstjóri og var það samþykkt með handauppréttingu og lófataki.

2) **Kosning tveggja fundarritara:** Landsambandsforseti lagði til að Þorgerður Á. Jóhannsdóttir í Nýdeild, fundarritari landsambandsstjórnar, og Margrét Guðmundsdóttir, varaformaður úr Epsilondeild yrðu fundarritarar og var það samþykkt með handauppréttingu og lófataki.

3) **Skýrsla stjórnar:** Guðrún Edda Bentsdóttir, landsambandsforseti, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir störf hennar síðastliðin tvo ár, 2021-2023. Stjórnarkonur voru búsettar víðsvegar á landinu og fundir því haldir í fjarfundarformi á Zoom. Guðrún Edda fór yfir fundi stjórnar og samráð við nefndir og formenn deilda. Einn stærsti viðburður DKG árið 2022 var Vorráðstefna sem haldin var í Reykjavík. Fjöldi félagskvenna er nú 332 en von er á að 35-40 nýir félagar bætist við á næsta starfsári samkvæmt upplýsingum frá féлага- og útbreiðslunefnd en það er um 10% fjölgun. Ingibjörg Einarsdóttir formaður, féлага- og útbreiðslunefndar, hefur staðið í góðu forsvari fyrir að fjölga konum í deildum og hún fær lof og lófaklapp fyrir.

Guðrún Edda fór yfir breytingartillögur á fyrirkomulagi nefnda, styrka, inntökugjalda o.fl. Hún hvatti systur til að skoða vel fréttapistla frá deildum í fréttabréfi landssambands en þeir veita innsýn í deildir DKG og gefa hugmyndir um fræðslu, erindi, gesti o.fl. sem aðrar deildir geta nýtt sér. Guðrún Edda nefnið mikinn fagauð í hópi félagskvenna og hvatti systur til að bjóða fram erindi sem hægt er að deila með öðrum deildum. Markmið stjórnar er að efla og styrkja innra starf deilda.

Forseti hefur reynt að vera viðstödd fundi í deildum landsins. Tæknimöguleikar hafa einnig opnað á samstarf á milli landa. Guðrún Edda talaði um hlýjan þráð á milli DKG á Íslandi og í Kanada og skorar á nýja stjórn að halda þeim þræði áfram. Guðrún Edda hvatti félagskonur til að sækja um alþjóðlega styrki t.d. vegna náms eða ráðstefnu utan samtaka.

Fundarstjóri bauð upp á umræður. Skýrslan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt með handauppréttingu og lófataki.

4-6) **Skýrsla gjaldgera og fjárhagsáætlun:** Kristín Helgadóttir, gjaldkeri landssambandsins gefur yfirlit.

Ingibjörg Elsa, fundarstjóri, lagði til að næstu liðir yrðu teknir sameiginlega:

- (4) reikningar lagðir fram.
- 5) fjárhagsáætlun lögð fram.

Kristín Helgadóttir gjaldkeri landssambandsins fór yfir ársreikning og fjárhagsáætlun fyrir árið 2021-2024.

- 6) Tillaga um árgjald lögð fram.

Stjórn leggur til að félagsgjöld verði óbreytt 10.000 kr. og deildir ákveði sjálfar hvort þær vilji bæta einhverju við.

Allir liðir voru samþykktir með handauppréttingu og lófataki allra liða.

7) **Skýrslur nefnda landsambandsins:** Guðrún Edda fór yfir það í morgun og benti á að skýrslur nefnda væru aðgengilegar á vef og á pappírformi á landsambandsþingi.

8) **Úthlutun námsstyrkja:** Guðrún Edda fór yfir reglur um umsóknir. Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir frá Nýdeild hlýtur styrk til aðstoðar við meistaranám í hagnýtri atferlisgreiningu við Háskóla Íslands. Hún fékk hamingjuóskir og rauða rós að því tilefni. Margrét Guðmundsdóttir úr Epsilondeild og fyrrum námsstyrksþegi kynnti rannsóknarverkefni sitt í talmeinafræði en hún lagði grunn að nýju málþroskaprófi fyrir börn á aldrinum 6-10 ára. Margrét sagði frá talmeinafræðináminu og þakkaði fyrir veittan styrk við þverfræðilegt meistaranám sitt.

9) **Kosning forseta Landsambandsins:** Uppstillinganefnd fékk tilnefningar og stillti upp tilnefndum konum í stjórn og nefndir. Uppstillingardeild lagði til að Árný Elíasdóttir úr Gammadeild verði næsti forseti Landssambandsins. Fundarstjóri leitaði eftir öðrum frambjóðendum í embættið en engin tillaga barst. Tillaga uppstillingarnefndar var því samþykkt samhljóða með handauppréttingu og lófaklappi og flutti Árný kveðju til systra í upptöku á Zoom þar sem hún var ekki viðstödd þingið.

10) **Kosning annarra stjórnarmanna Landssambandsins:** Tillaga uppstillingarnefndar var lögð fram um að Steingerður Kristjánsdóttir úr Lambadeild verði fyrsti varaforseti, Málfríður Þórarinsdóttir úr Alfadeild annar varaforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir úr Iotadeild verði ritari og Rósa Marta Guðnadóttir úr Epsilondeild meðstjórnandi. Fundarstjóri leitaði eftir öðrum tillögum. Ekki bárust aðrar tillögur. Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða með handauppréttingu og lófaklappi.

11) **Kosning tveggja endurskoðenda:** Uppstillingarnefnd lagði til að Hanna Halldóra Leifsdóttir úr Gammadeild og Iðunn Antonsdóttir úr Lambadeild verði skoðunarmenn reikninga. Þetta var samþykkt samhljóða með handauppréttingu og lófaklappi.

12) **Kosning í uppstillingarnefnd:** Tillaga lögð fram um að Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir úr Alfadeild verði formaður uppstillingarnefndar og með henni í nefnd verði Guðrún Edda Bentsdóttir úr Kappadeild og Birna Sigurjónsdóttir úr Lambadeild. Þetta var samþykkt samhljóða með handauppréttingu og lófaklappi.

13) **Laga- og reglugerðarbreytingar:** Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir ? Kynnti breytingar á lögum alþjóðasamtaka sumarið 2022 og til samræmis við þau voru nokkrar greinar laga endurskoðaðar.

- Nýr texti í lögum var kynntur.
Fundarstjóri bauð upp á athugasemdir en engar bárust.
Breytingar voru bornar undir fund og þær samþykktar samhljóða.

Breytingar á reglugerð hefur verið gerð í samræmi við niðurfellingu inntökugjalds.

- Nýr texti í reglugerð kynntur.
Fundarstjóri bauð upp á athugasemdir og fyrirspurn kom um flutning kvenna á milli deilda en í reglugerð okkar stendur að viðtökudeild þarf alltaf að samþykkja beiðni.
Ekkert er um það hins vegar í alþjóðlegum reglugerðum.

Breytingar á reglugerð bornar undir fund og þær samþykktar samhljóða með handauppréttingu og lófaklappi.

14) **Ályktanir og tillögur sem berast til landsambandsþings:** Ekki barst neitt slíkt fyrir fund. En á fundi kom fyrirspurn um tímasetningu landsambandsþings, hvort einhver annar tími en maímánuður væri heppilegri til þinghalds. Sköpuðust umræður um það. Framkvæmdarráði var gert að ræða það nánar á sínum fundi.

Önnur mál:

1. *Helga Thorlacius* úr Gammadeild þakkaði samveru á landsambandsþingi og hvatti félagi til að kynna sér *Forum vef* samtakanna. Mikil vinna sem liggur að baki hans. Hún hvatti félagi til að senda inn efni í *Euforia*, nettímarit *Evrópu Forum* Delta Kappa Gamma.

2. *Ingibjörg Einarsdóttir* úr Gammadeild nefndi notkun DKG fána við tilefni, t.d. jarðarfarir eða þing, og að hann væri geymdur hjá henni. Hún minnti gjaldkera á þeirra hlutverk við kaup á nælum félagsins.
3. *Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir* úr Nýdeild nefndi það vald sem við höfum sem kennarar. Kerfið getur verið hindrun en við höfum vald í kennslustofunni. Hún finnur fyrir innra þakklæti við að hafa starfað í landssambandstjórninni sem hefur aukið víðsýni hennar innan samtakanna.
4. *Guðný Helgadóttir* úr Gammadeild minnti félagskonur á að skilja nafnspjöld eftir því þau eru endurnýtt á næstu þingum.
5. *Erna Þorsteinsdóttir* úr Epsilondeild minnti á *Göngum saman* gönguna eftir þinglok.
6. Fundarstjóri, *Ingibjörg Elsa*, las upp skilaboð frá *Ingibjörgu Jónasdóttur* úr Gammadeild sem minnti okkur á að ef við viljum hafa áhrif á framtíð samtaka okkar þurfum við að bregðast við. Er eitthvað sem hindrar þróun í lögum og reglugerðum. Mikilvægt er að fylgjast með framvindu í alþjóðasamtökunum.
7. *Ingibjörg Elsa*, fundarstjóri, þakkaði samstarf í stjórnnum sem hún hefur sinnt síðustu 6 ár.
8. *Guðrún Edda*, landsambandsforseti, þakkaði fráfarandi stjórn, embættismönnum og formönnum fyrir þeirra hlutverk í samtökunum. Hún hlakkar til að fylgjast með starfi DKG með nýrri stjórn. Hún þakkar menntamálanefnd fyrir gott Landsambandsþing og afhenti þeim rós. Þakkaði Epsilondeild fyrir gott skipulag og færði þeim rós. Fráfarandi stjórn var þakkað og þær fengu rós. Ný stjórn var boðin velkomin og fékk rós. Ritarar þings fengu þakkir og rós. Ljósmyndari þings fékk þakkir og rós.

Guðrún Edda þakkaði fyrir gott þing, sleit því formlega og slökkti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi auk minningarkertis.

Fundargerð rituðu:

- Margrét Guðmundsdóttir, Epsilondeild
- Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir, ritari Landsambands DKG